

# „Öskrandi, hvínandi, flæðandi, fossandi ... og kyrr“

Texti: Björk Eiðsdóttir

Mánaðarlega kynnum við fyrir lesendum mannesku sem okkur finnst skara fram úr á einhverju sviði og virka hvetjandi á okkur hin. Í janúar er það rithöfundurinn Eva Þengilsdóttir sem er tilnefnd til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir barnabókina Nálu. Nála – riddarasaga er ævintýri sem fjallar um hugumstóran riddara og stulkuna Nálu. Eva sótti innblásturinn í riddarateppið svokallaða sem varðveitt er á Þjóðminjasafni Íslands. „Móðir míin saumaði slíkt teppi fyrir nokkrum árum og ég er svo heppin að hafa það í minni vörsu.“ Eva er viðskipta- og stjórnsýslufræðingur að mennt en hefur snúið sér alfaríð að skrifum. Hún býr í Genf ásamt fjölskyldu sinni en eiginmaður hennar starfar hjá utanríkisþjónustunni. Eva lætur ekki aðeins duga að skrifa Nálu heldur myndskreytir hún hana sjálf. Okkur finnst Eva til mikillar fyrirmynadar.

## Viðskipta- og stjórnsýslufræðingur gerist barnabókahöfundur, hvers vegna?

Því ég nýt þess að skrifa fyrir börn – þau eru að læra á heiminn, mynda sér skoðanir og setja hluti í samhengi. Þau eru svo móttækileg fyrir nýjum hugmyndum og einlæg í sínum viðbrögðum og vangaveltum. Ekkert er ómögulegt og hugurinn opinn gagnvart því ævintýri sem lífið er. Ég hugsa reyndar ekki mikil um aldur meðan ég skrifa, ég er uppteknari af því að segja sögu og góð saga getur náð til fólks á öllum aldrum.

## Hvaða þýðingu hefur tilnefningin til Íslensku bókmenntaverðlaunanna fyrir þig?

Ég er lítt þekktur höfundur og hún er mér mikil hvatning. Nála er óvenjuleg bók og því var ekki á vísan að róa með viðtökurnar. Maður verður því svo innilega þakklátur þegar fólk sýnir verkinu skilning og kann að meta það. Það eru mjög margir frambærilegir rithöfundar á Íslandi og þykir mér afar vænt um að vera í hópi tilnefndra.

## Er hægt að keppa í bókmenntum?

Um það má kannski deila, en það hefur verið keppt í skrifum frá því fyrir Krist. Vitað er að Forngrikkir héldu til dæmis hátiðir þar sem keppt var í leikritun. Ég lit reyndar ekki á Íslensku bókmenntaverðlaunin sem keppni, heldur mikilvæga leið til að benda á það sem vel er gert, hvetja, yta undir nýja strauma og stefnur og vekja athygli og áhuga á bókmenntum almennt.

## Hvernig fer svissneska regluverkið í ykkur Íslendinga?

Það tók svoltiinn tíma að venjast því að Svisslendinga skortir alveg „þetta reddast“ viðhorf okkar Íslendinga. Hér þarf að sækja um og undirbúa allt með góðum fyrirvara, ef ekki þá situr þú í súpunni og þykir sjálfsagt. Þetta hefur reyndar líka sína kosti; þeir vanda yfirleitt mjög til verka og allt stendur eins og stafur á bók.

## Hvers saknarðu helst frá Íslandi?

Auk fjölskyldu og vina, þá er það íslenska náttúran – öskrandi, hvínandi, flæðandi, fossandi ... og kyrr. Mér finnst magnað að ferðast um landið á sumarnóttum; birtan ævintýraleg og liturnir í náttúrunni aðrir og dýpri.

## Hver er uppáhalds rithöfundurinn?

Það fer eftir sviðum og ég á mér nokkra, en sá höfundur sem hefur fylgt mér frá því að ég man eftir mér er Astrid Lindgren. Þriggja ára mætti ég á grímuball sem Lína langsokkur – með vín í rauðum fléttunum og freknurnar aðeins dekktar. Ég hef svo brugðið mér í það gervi reglulega síðan, enda ekki erfitt!

## Að hverju ertu að vinna þessa stundina?

Í augnablikinu er ég að undirbúa sýningu í tengslum við Nálu – riddarasögu, sem

opnar í Þjóðminjasafninu 30. janúar n.k. Ég er reyndar líka að ganga frá efni fyrir sýninguna „Þetta vilja börnin sjá“ sem haldin er árlega í Gerðarsafni og fer svo um landið. Þetta er sýning á myndskreytingum úr íslenskum barnabókum.

## Hvert er æðsta markmiðið?

Í stóra samhenginu hlýtur það að vera friður fyrir alla, jafnrétti og bræðralag.

**Fullt nafn:** Eva Þengilsdóttir

**Aldur:** 48 ára

**Atvinna:** Rithöfundur

**Hjúskaparstaða:** Gift Martin Eyjólfssyni

**Börn:** Þengill, Sylvía og Tinna

